

12. Framvarp

til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um vegi.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Í stað flutningabrautarinnar frá Blönduósi vestur fyrir Viðidalsá hjá Steinsvaði, sem ákveðin er í 2. gr. 5. málslíð vegalaganna frá 1907, skal gera þessar tvær flutningabrautir:

- a. Frá Blönduósi að Vatnsdalshólum,
- b. Frá Hvammstanga á Þjóðveginn í nánd við Stóra-Ós.

2. gr.

Þjóðvegurinn milli Hrútafjarðarháls í Vestur-Húnavatnssýslu og Vatnsdalsár í Austur-Húnavatnssýslu, skal svo fljótt, sem því verður við komið, lagður yfir Miðfjarðará í nánd við Reyki, um Línakradal, Vesturhóp, yfir Viðidalsá í nánd við Faxalækjarós og á flutningabrautina hjá Sveinsstöðum.

Meðan hin nýja leið er ekki fullvegð, skal halda við á landssjóðs kostnað þeim köflum af hinum eldri þjóðvegi, sem þarf til þess að jafnan sje samhangandi reiðfær vegur frá Hrútafjarðarhálsi að Vatnsdalsá.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 1. gr.

Ákvæði vegalaganna frá 1907 um vegina í Húnavatnssýslu voru miðuð við það, að sýslan var eitt sýslufjelag, þegar lögín voru til meðferðar, og að sá hluti hjeradsins, sem fram til þess tíma hafði haft verslunnarskifti sín á Blönduósi, náði vestur að Miðfjarðarhálsi. Þess vegna var það eðlilegt þá, að þegar ákveðin var lengd flutningabrautarinnar frá Blönduósi vestur eftir sýslunni, þá var endamark brautarinnar sett við Viðidalsá; sú braut lá þá öll innan sama sýslufjelags, og öll innan Blönduóss-verslunarhjerads.

Síðan hafa orðið breytingar á þessu. Fyrst sú, að 22. nóv. 1907, sama dag og vegalögin öðluðust kgl. staðfestingu, voru einnig staðfest lög um að skifta Húnavatnssýslu í tvö sýslufjelög; fjell skiftingin þannig, að af hinni fyrirhuguðu flutningabraut urðu 26.8 km. í Austur-Húnavatnssýslu, en 12.7 km. í Vestur-Húnavatnssýslu. Því næst hefur og orðið sú breyting, að verslunarstaðurinn Hvammstangi í Vestur-Húnavatnssýslu, sem var kominn á þá fyrir nokkrum árum, hefur eflst svo, að Vestur-Húnavatnssýsla öll austur að sýslumörkunum sækir nú verslun til Hvammstanga, ef til vill að undanskildum örfáum austustu bæjunum. Sá hluti flutningabrautarinnar, sem liggur í Vestur-Húnavatnssýslu (þ. e. fyrir vestan Gljúfurá), getur því ekki lengur skoðast sem kaupstaðarvegur eða flutningavegur fyrir hlutaðeigandi hjerad, eða að minsta kosti hefur Vestur-Húnavatnssýsla svo lítil not þess vegarkafla, þótt hann verði lagður, til flutnings, að það væri ekki sanngjarnt, að leggja viðhald hans á sýslufjelagið; en samkvæmt vegalögunum legst viðhald þessa vegarkafla á Vestur-Húnavatnssýslu, þegar vegarkafllinn er fullgerður, ef hann þá er flutningabraut að lögum.

Skifting verslunarsvæðisins milli Hvammstanga og Blönduóss hefur einnig þá afleiðingu, að vestasti (eða syðsti) kafllinn af hinni fyrirhuguðu flutningabraut innan Austur-Húnavatnssýslu, þ. e. kafllinn frá Sveinsstöðum til Gljúfurár, að lengd um 4.5 km., verður ekki notaður til kaupstaðarflutninga, svo neinu nemi. Verður ekki talið, að við þann vegarkafla liggja nema 1 til 2 bæir í Austur-Húnavatnssýslu, og sýnist ekki rjettlátt, að viðhald þessa akvegarkafla verði lagt á Austur-Húnavatnssýslu vegna notkunar þessara bæja á veginum til kaupstaðarferða. Mætti því telja rjettlátt, að láta flutningabrautina frá Blönduósi enda hjá Sveinsstöðum, en hentugra er að bæta þar við kafllann frá Sveinsstöðum að Vatnsdalshólum, um 1.5 km. að lengd, sem liggur í áttina til Vatnsdals, og endar á hinum núverandi þjóðvegi hjá Vatnsdalshólum.

Verslunarstaðurinn Hvammstangi liggur norður með Miðfirði austanverðum, 5 til 6 km. fyrir norðan bæinn Stóra-Ós, sem er við fjarðarbotninn. Leiðin frá Hvammstanga og fram að Stóra-Ósi er allendis óvegð, en úr þeim fimm hreppum, sem sækja þangað verslun, verða allir úr fjórum hreppunum, og nokkrir úr þeim fimta, að fara þenna vegleysukafla. Virðist því ástæða til, að taka hann í tölu flutningabrauta í stað kafla þess af hinni fyrirhuguðu flutningabraut frá Blönduósi, sem nú er lagt til að verði látin falla burtu.

Við 2. gr.

Tillaga um þessa færslu þjóðvegarsins í Húnavatnssýslu kom fram í bræfi frá verkfræðingi landsins til stjórnarráðsins, dags. 2. mars 1915. Var málið síðan borið undir sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, og tillaga verkfræðingsins samþykkt með 4 atkv. gegn 2 á aðalfundi hennar 23.—30. apríl 1915. Er lega þjóðvegarsins frá Hrútafjarðarhálsi til Vatnsdalsár hjer ákveðin samkvæmt þeirri tillögu.